

1962 nr. 68 27. apríl**Lög um heimild til sameiginlegrar innheimtu opinberra gjalda**

Tóku gildi 16. maí 1962. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við fjármála- og efnahagsráðherra eða fjármála- og efnahagsráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr.

□ Heimilt er [ráðherra]¹⁾ fyrir hönd ríkissjóðs, forráðamönnum sveitarfélaga, svo og opinberum stofnunum að semja sín í milli um, að innheimt skuli í einu lagi gjöld, er greiða ber þessum aðiljum. Má fela gjaldheimtuna innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitarsjóða eða sérstakri innheimtustofnun.

¹⁾ L. 126/2011, 35. gr.

■ 2. gr.

□ Nú takast samningar um gjaldheimtu samkvæmt 1. gr., og skal þá samið um hlutdeild hvers aðilja í kostnaði við hana til eigi skemmri tíma en eins árs í senn.

■ 3. gr.

□ Allar skyldur, sem innheimtumönnum ríkissjóðs, sveitar- sjóða og opinberra stofnana eru lagðar á herðar lögum samkvæmt, svo og allar heimildir, sem þeim eru veittar til þess

að framfylgja gjaldheimtunni, skulu falla til þess aðilja, sem samkvæmt samningi tekur innheimtuna að sér.

■ 4. gr.

□ Heimilt er að samræma gjalddaga einstakra opinberra gjalda, sem innheimt verða með þessum hætti, setja sameiginleg ákvæði um dráttarvexti, vangreiðslu á hluta gjalda fyrirframreiðslu, skyldur kaupgreiðenda til að halda eftir af kaupi fyrir opinberum gjöldum og annað það, er einvörðungu lýtur að innheimtu gjalda. Nánari ákvæði um þetta má setja í reglugerð.¹⁾

¹⁾ Rg. 320/1974 (Seltjarnarnes). Rg. 95/1962, sbr. 100/1965, 333/1979 og 129/1981 (Reykjavík).

■ 5. gr.

□ Sé sjúkrasamlag aðili að innheimtu, skulu framlög ríkissjóðs og sveitarsjóðs, skv. 58. gr. laga nr. 24 frá 1956, um almannatryggingar,¹⁾ sbr. 21. gr. laga nr. 13 frá 1960, miðast við innheimtar tekjur samlagsins, eins og þær verða samkvæmt samningi aðilja um innheimtuna.

□ Í samþykktum slíks samlags má ákveða:

1. Að iðgjald hjóna skuli krafð í einu lagi.

2. Að víkja frá reglum 78. gr., sbr. 50. og 51. gr. almannatryggingalaga um greiðslufrest iðgjalda og viðurlög við vangreiðslu.

¹⁾ Nú l. 100/2007.